

BÓKUN 18***UM REGLUR AÐILA VEGNA FRAMKVÆMDAR 43. GR.***

Að því er Bandalagið varðar eru þær reglur sem fara á eftir við framkvæmd 43. gr. samningsins settar fram í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu.

Að því er EFTA-ríkin varðar eru reglurnar settar fram í samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna og munu þær taka til eftirfarandi atriða:

- EFTA-ríki sem hefur í hyggju að gera ráðstafanir í samræmi við 43. gr. samningsins skal tilkynna það fastanefnd EFTA-ríkjanna með góðum fyrirvara.
- Þó, ef um leynd er að ræða eða málið er aðkallandi, skal tilkynna það hinum EFTA-ríkjunum og fastanefnd EFTA-ríkjanna í síðasta lagi daginn sem ráðstafanirnar öðlast gildi.
- Fastanefnd EFTA-ríkjanna skal athuga aðstæður og skila álitum um hvort beita skuli þessum ráðstöfunum. Hún skal endurskoða aðstæður og henni er heimilt hvenær sem er, með meirihluta atkvæða, að mælast til um hugsanlegar breytingar, frestun framkvæmdar eða afnám á þeim ráðstöfunum sem komið hefur verið á eða, varðandi aðrar ráðstafanir, aðstoða hlutaðeigandi EFTA-ríki við að ráða fram úr vandamálum sínum.